

Nd.

531. Nefndarátt

um frumvarp til vatnalaga.

Frá minni hluta samvinnunefndar vatnamála.

Engum mun á óvart hafa komið klofningur í vatnamálanefnd þessa þings, eftir skipun hennar, er mönnum úr meiri og minni hluta millipinganefndar fossamála frá 1919 var skipað þar saman. Hitt er í fljótu bili furðanlegra, að svo margir úr samvinnunefnd þessa þings virðast nú hallast að stefnu meiri hluta millipinganefndarinnar frá 1919, stefnu, sem þá var af neðri deild Alþingis hafnað, — og neita eignarumráðum landeiganda á vatni, sem á landi hans er.

Ágreiningurinn um þetta sagði til sín við nefndarstörfin á öndverðu þingi, en ýms atvik urðu til þess að tesja ákvörðun um hann til loka marsmánaðar, enda kom meirihlutastefnan frá 1919 nú óljóslegar fram en undanfarin ár, og vildu fylgismenn hennar nú viðurkenna öllu rýmri rjett til handa landeiganda yfir vatninu en áður.

Klofningurinn varð um 2. gr. frumvarpsins, og hurfu 6 af 11 nefndarmönnum, sem fund sóttu 30. mars, að breytingu á greininu í þá átt, að viðurkenna ekki eignarumráð landeiganda að vatni á landi hans, en að eins takmarkaðan notarjett, sem miðaðist við heimilisþörf hans, og hefir búningur frv. síðan af meiri hlutanum verið samræmdur stefnu þessari.

Af álitu meiri hlutans á þingskjali 400 má að visu sjá, að einhver veila er í honum út af þessu rjettaratriði, en hann virðist líta svo á, að rjettarspurningin, eða úrlausn hennar, sje eigi svo mikilsverð, að hún eigi að ráða úrslitum, og ber hann fyrir sig um þetta vatnsveitulöggjöf landsins, sem honum virðist heimila öllum afnot vatns til áveitu af annara löndum, *þegar það er meinfangalaust eiganda þess lands, sem að vatninu liggur*. Hins vegar vill meiri hlutinn nú halda því fram, til rjettlættingar stefnu sinni, að hugmyndin um eignarumráð landeiganda á vatni hjer í landi sje nýgervingur og runnin frá norskri löggjöf nú á síðari árum, en að orkunot vatnsins eigi ekki að fylgja öðrum notarjetti landeiganda af vatninu, af því að þau byggist á *uppgötvunum, sem mannvit og þekking hafi skapað og sjeu almennings eign*.

Allar eru þessar ástæður meiri hlutans mjög einkennilegar, þótt ekki sjeu þær sannfærandi. Tilvitnunin til áveitulaganna laukrjett, en *að eins ályktunin*, sem af henni er dregin, röng. Einnig er það rjett, að hugmyndin um eignarrjett á vatni er frá Noregi komin, en *að eins* svo sem 1040 árum fyr en meiri hlutinn telur. Rjett er það einnig, að *uppgötvunir og mannvit* hafa kent nútíðarmönnum að hagnýta orku vatnsins, og að þær uppgötvunir eru að miklu almennings eign, en þetta breytir engu um eignarrjettinn, þar sem hann var fyrir. Vatnsorkunotin við kornmylnu, sögunarmylnu og margvísleg önnur störf eru líka ávöxtur hugvits og þekkingar, þekt um margar aldir, en hafa engu breytt um eignarum-

ráð orkugjafans, vatnsins, fremur en hugvitsleg notkun kola hefir breytt eignarrjetti að kolum.

Meiri hlutinn virðist álíta, að sterkustu rökin fyrir stefnu hans liggja í því, að *sanngjarnlegra sje og þjóðfjélaginu hollara*, að ríkið eigi vatnsrjettindin en einstakir menn. Hann gengur þannig fram hjá því, eins og marklitlu atriði, að þessi rjettindi eru og hafa frá landnámstið verið í höndum landeiganda, að þau eru löghelguð jafnt öðrum eignarrjetti og falla beint undir 63. gr. stjórnarskrárinnar; verða þess vegna af engum tekin, nema eftir reglum þeirrar greinar. Að meiri hlutinn blandar löglegum og eðlilegum takmörkunum þessa rjettar, þegar um vatn er að ræða (áveitur), saman við afnám rjettarins, ber að eins vott um lauslega athugun.

Um *sanngirnina og hollustuna*, sem meiri hlutinn byggir svo mjög á, má auðvitað margt segja, með og móti, en slíkt liggur þó að mestu utan við efnið, því að vatnalögin verða, eins og önnur lög, að byggjast á gildandi landsrjetti, og hann er í þessu efni skýlaus.

Um *sanngirni* gagnvart ríkinu þarf ekki að tala í þessu sambandi. Það hefir drottinvald yfir þegnum og getur takmarkað þennan rjett eftir þörf sinni, án þess að ræna honum; en auk þess á ríkið á löndum sínum margfalt meiri vatnsrjettindi en það getur hagnýtt sjer um marga mannsaldra. Sanngirniskrafan er því eingöngu vegna þeirra einstaklinga, sem ekkert land eiga eða þá land án vatnsrjettinda. Í sjálfu sjer er hún ekki óeðlileg, en nær óviðráðanleg í framkvæmd. Framkvæmd hennar og skifti vatnsrjettinda einstakra manna milli þjóðfjélagssborgaranna ætti að leiða til samskonar skifta á öðrum verðmætum, svo sem landi, lausum aurum, húsum, skipum og hverskonar rjettindum, sem verðmæti hafa og eru umfram þáfir eiganda á þeirri stundu, er skifti gerast. Er þetta að sjálfsögðu í anda róttækustu jafnaðarstefnu, en traúla samrýmanlegt þjóðfjélagsskipun og menningarástandi nútímans.

Svipað má segja um *hollustu* fyrir þjóðfjélagið af breytingum þeim á gildandi landsrjetti, er meiri hlutinn virðist aðhyllast, og þarf eigi að tala um *hollustu* þá í sambandi við brot á 63. gr. stjórnarskrárinnar, sem enginn mun vilja ráða til, heldur þá breytingu, sem af því gæti leitt, ef vatnsrjettindi öll væru horfin til ríkisins, t. d. eftir frjálsu framlagi eða gjöf frá landeigendum. Vatnsrjettindin mundu falla að mestu eða öllu undir umráð eins manns, vatnamálastjóra eða vatnamálaráðherra, sem þá yrði að vissu leyti landsdrottinn allra þeirra landeigenda, sem ættu lönd með vatnsrjettindum. Slíkur vatnamálastjóri myndi geta haft í hendi sjer ráð þessara landeigenda að miklu leyti, skapað þeim kjör og kosti eftir vild og velþóknun, og notað aðstöðuna á marga vegu til hagsmuna vildarmönnum sínum, en óþurftar öðrum, og er ekki ólíklegt, að pólitískra áhrifa mundi þar gæta. Það mundi í hvert sinn fara eftir innræti og mannkostum þess, sem með þetta einveldi færi, hversu það gæfist, en það væri jafnlíklegt til að verða að tjóni í höndum óhlutvandra manna sem að liði hjá vönduðum manni og samviskusömum, og hvernig sem á það er litið, þá mun ætíð orka tvímælis um *hollustuhætti* fyrir þjóðfjélagið af stefnu meiri hlutans í þessu efni.

Að nokkru leyti mun meirihlutastefnan í vatnamálinu frá 1919 hafa eflst við þá ódjarflegu aðferð, sem stjórnin hafði í undirbúningi málsins að þessu sinni. Hún hefir að vísu bygt á stefnu minni hlutans frá 1919 um eignarumráð landeiganda yfir vatninu, en jafnframt blandað hana í hinum ýmsu frumvarpsgreinum

andstæðu stefnunni, svo að ýmist litur svo út sem ríkið sje að úthluta landeiganda einskorðuðum afnotarjetti af vatninu, en ýmist svo sem verið sje að takmarka — eins og vera ber — umráðarjett hans, vegna öryggis fjelagsheildarinnar. Þetta hefir auðsæilega vilt mörgum sýn, og þeim þess vegna virst báðar leiðir jafn-
eðlilegar.

Vjer, sem undirritum álit þetta, litum svo á, að skipa beri vatnamálunum eindregið eftir stefnu minni hlutans frá 1919 og að engin önnur leið sje lögleg eða leyfileg, nje heldur samrýmanleg rjettarmeðvitund almennings. Vjer teljum einnig þá stefnu með öllu þjóðfjelaginu hættulausa og hollari en röskun á hinum forna rjetti, þegar skynsamlegar takmarkanir eru gerðar á eignarrjetti einstaklinganna.

Skipun þessa máls hefir dregist ótilhlýðilega lengi og einmitt vegna þessa einkennilega ágreinings um eignarumráð landeiganda yfir vatninu, sem engin af grannþjóðum vorum hefir hnotið við, þótt allar hafi þær skipað vatnamálum sínum á þannu veg, sem minni hlutinn vill skipa þeim hjer, og allar hafa þær virt hinn forna rjett.

Vjer teljum nauðsyn bera til að hraða úrslitum þessara mála allra, eða að minsta kosti undirbyggingu þeirra, vatnsrjettindalöggjöfnni, en álitum tvísýnt mjög, að það takist á þessu þingi. Verði dráttur á því til næsta þings, teljum vjer skylt og sjálfsagt að sýna því þann sóma að láta viðurkendan og óhlutdrægan lögfræðing utan þings athuga það, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, og búa það, ásamt stjórninni, undir endanleg úrslit.

Vjer teljum að visu eigi frágangssök að nota frumvarpið í dálitið breyttum búningi og fært nær stefnu minni hlutans, þótt efnisskipun þess sje nokkuð tyrfn og óþjál, en fyrir sakir annríkis við önnur störf og tímaskorts höfum vjer eigi sjeð oss fært að umsteypa það.

Eftir framansögðu leyfum vjer oss því að ráða til lögfestingar á frumvarpinu, ef tími vinst til á þessu þingi, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr.

6. töluliður orðist svo:

Ef breyting verður á vatnsbotni eða vatnsbakka, fer um netlög sem áður segir.

2. Við 8. gr.

Upphaf 2. töluliðs, út að orðunum »og skal þá«, orðist svo:

Nú liða svo 5 ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að verk það, er í 1. lið greinir, er eigi framkvæmt.

3. 9. gr. falli burt.

4. Við 10. gr.

a. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Um hverri, laugar og ölkeldur skal svo fara.

b. Í stað orðanna í b-lið sömu gr. »til afnota fjelaga eða almennings« komi:
til afnota í almenningsparfir.

5. Við 16. gr.
Á eftir orðinu »landareignar« í 2. lið komi:
sem að vatni liggur.
6. Við 17. gr.
 - a. Á eftir orðunum »iðnaðar og iðju« komi:
án orkunýtingar.
 - b. Á eftir orðunum »enda sje ekki« komi:
svo að öðrum sje mein að.
 - c. Í stað orðsins »eða« í 4. línu komi:
og.
7. Við 21. gr.
Í stað orðanna »hefir hún einkasölu« komi:
hefir hún rjett til einkasölu.
8. Við 25. gr.
Orðin í 2. tölulið »eftir fyrirmælnm 22. gr.« falli burt.
9. Við 33. gr.
 - a. Á eftir orðunum »eða aunarar iðju« komi:
án orkunýtingar.
 - b. Á undan síðari málsgreininni komi:
2.
10. Við 39. gr.
Orðið »fullar« í endi 2. töluliðs falli burt.
11. Við 49. gr.
Í stað »200 eðlishestöfl« í 2. og 3. lið komi:
500 eðlishestöfl.
12. Við 54. gr.
 - a. Orðin »eða handa nytsömum fyrirtækjum« í 1. tölulið falli burt.
 - b. Í stað orðsins »sjálfur« í 3. tölulið komi:
í ríkisþarfir.
13. Við 65. gr.
Í stað »200 eðlishestöflum« í 3. tölulið komi:
500 eðlishestöflum.
14. Við 81. gr.
Á eftir orðunum »veita burt« komi:
vatni.
15. 84. gr. falli burt.
16. Við 91. gr.
Orðin »á kostnað hreppssjóðs« falli burt.

17. Við 100. gr.
2. töluliður falli burt.
18. Við 126. gr.
1. töluliður orðist svo:
Veði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatni, nema forn venja banni.
19. Á eftir 129. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú vilja landeigendur við veiðivatn eða aðrir, sem rjett eiga til veiði, hafa þar fiskiklak, og geta þeir þá stofnað fjelag í því skyni, er nefnist fiski-klaksfjelag. Fer um slík fjelög eftir XI. kafla laga þessara.
20. Við 133. gr.
Á eftir orðinu »mannvirkjum« í 3. tölulið komi:
leyfishafa að kostnaðarlausu.
21. Við 150. gr.
2. töluliður a), út að orðunum »skal yfirmatsnefnd« orðist svo:
Sá, sem beiðist yfirmats eftir 149. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt.
22. Aftan við 152. gr. bætist:
Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri, þar til önnur skipun verður á gerð eftir 153. gr.
23. Við 153. gr.
Á eftir orðinu »vatnamálastjóra« komi:
með sjerþekkingu.
24. Allar greinatölur og tilvísanir í greinai og töluliði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Prentvillur í frv. leiðrjettist samkvæmt greinargerð þar um í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 6. maí 1921.

Sveinn Ólafsson,
form. Nd.-n. og samvinnun.,
frasm. í Nd.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari og frasm. í Ed.

Eiríkur Einarsson,
fundaskrifari Nd.-n.

Porleifur Jónsson.

Guðm. Ólafsson.